

# Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2014-2018

1.fundur

12. desember 2016 kl. 13:00-14:10

Hótel KEA, Akureyri

## Mættir nefndarmenn

Akureyri: Ólína Freysteinsdóttir (ÓF) varamaður mætti í stað Evu Reykjalín Elvarsdóttur (ERE) og Sigurjón Jóhannesson (SJ) varamaður mætti í stað Edward H. Huijbens (EH).

Dalvíkurbyggð: Börkur Þór Ottósson (BÞO)

Eyjafjarðasveit: Elmar Sigurgeirsson (ES) og Jón Stefánsson (JS)

Fjallabyggð: Gunnar I. Birgisson (GIB) og Steinunn María Sveinsdóttir (SMS)

Grytubakkahreppur: Sigurbjörn Þór Jakobsson (SÞJ) og Þröstur Friðfinnsson (ÞF)

Hörgársveit: Jón Þór Benediktsson (JÞB) og Snorri Finnlauugsson (SF)

Svalbarðsstrandahreppur: Eiríkur Haukur Hauksson (EHH)

Nefndarmenn sem boðuðu forföll: Haukur A. Gunnarsson (HAG) Dalvíkurbyggð og Valtýr Hreiðarsson (VH) Svalbarðsstrandahreppi.

## Mættir með seturétt

Dalvíkurbyggð: Bjarni Th Bjarnason (BThB) sveitarstjóri.

Eyjafjarðarsveit: Ólafur Rúnar Ólafsson (ÓRÓ) sveitarstjóri og Ómar Ívarsson (ÍÍ) skipulagsfulltrúi.

## Mættir frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar

Baldvin Valdimarsson (BV), Elva Gunnlaugsdóttir (EG) og Sigmundur Ófeigsson (SÓ).

## 1. Fundarsetning

JS sem fulltrúi Eyjafjarðarsveitar, þess sveitarfélags sem fór síðast með formennsku í nefndinni, setti fundinn og stýrði.

SÓ framkvæmdastjóri AFE fór yfir aðdragandann að boðun þessarar fundar. Það lögju fyrir stór mál varðandi legu raflínu Landsnets um Eyjafjörð, sem væri mjög mikilvæg fyrir orkuflutninga fyrir uppbyggingu atvinnulífsins á svæðinu. Það hefði dregist að nefndin fundaði eins og hún ætti að gera.

## 2. Kosning stjórnar

Tillögur um að ÞF yrði formaður, GIB varaformaður og EH ritari komu fram og voru samþykktar samhljóða. Á meðan að EH dvelur erlendis leysir varamaður hans SJ hann af í ritarastarfinu.

ÞF tók við fundarstjórn.

## 3. Verkefni nefndarinnar

ÞF fór yfir helstu verkefni nefndarinnar m.a. skipulagsmál vegna legu raflína á svæðinu.

Fulltrúar frá hverju sveitarfélagi fóru yfir hvað væri á döfinni í skipulagsmálum hjá þeim. Til máls tóku ÞF, SJ, SF, JS, EHH, BThB og GIB. Fram kom að: Aðalskipulag Akureyrar fyrir 2018-2030 væri í vinnslu m.a. skipulag sem varðar raforkuflutning, hafnaraðstöðu og fráveitu. Að gert væri ráð fyrir raflínu Landsnets í nýlega samþykktu aðalskipulagi Hörgársveitar fyrir 2012-2024 þó lega línunnar sé ekki teiknuð á ákveðin stað á uppdrættinum sé fjallað um línulögnina í greinagerð. Skipulags- og matslýsing aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar fyrir 2018-2030 væri í auglýsingu. Í öðrum sveitarfélögum væru minni breytingar á aðalskipulögum. Raforkuskortur til atvinnuuppbyggingar kæmi víða fram á svæðinu t.d. í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð.

SF sagði að einnig þyrfti að huga að raflínum annara veitna á svæðinu t.d. Rarik. Einnig rædd SF um framtíðaruppbyggingu hafnar á Dysnesi. SÓ sagði frá því að skipafélögin stefndu á að nota mun stærri skip í flutningum sem kölluðu á breytta hafnaraðstöðu og gámakrana í landi.

Rætt um póstfang nefndarinnar. Einhver erindi höfðu verið send á síðasta formanni nefndarinnar Bjarna Kristjánsson. Ákveðið að nefndin hefði heimilisfestu á skrifstofu AFE og öll erindi ættu að berast þangað til að koma í veg fyrir að erindi, sérstaklega rafræn kæmu ekki fram.

Rætt um skipulagsvinnu sveitarfélaganna og tengsl aðalskipulaga við svæðisskipulagið. ÓÍ sagði að öll aðalskipulög ættu að koma til umsagnar hjá nefndinni.

Umræður um Akureyrarflugvöll, aðflugið og áhrif núverandi loftlína á það.

Umræður um kostnaðarskiptingu á milli sveitarfélaganna. Kostnaði er að hluta skipt jafnt á milli sveitarfélaganna og einnig eftir íbúafjölda. Skipulagsstofnun greiðir kostnað við svæðisskipulagsvinnu.

Fundi slitið.

Undirskriftir: